

A close-up photograph of numerous stacked copper coils, likely used in mining or industrial processes. The coils are arranged in a grid pattern, with their circular ends facing the viewer. The lighting is warm, highlighting the metallic texture and the hexagonal nuts on the ends of the coils.

RioTinto

Siðareglur fyrir birgja

Mars 2022



Að standa við gefin loforð

Grunngildi Rio Tinto eru umhyggja, hugrekki og framsækni. Gildin eru einföld, mannleg og innihalda það sem er okkur mikilvægt. Þau byggja á styrkleika reksturs okkar og öryggi fólksins okkar sem er okkar fyrsta forgangsattriði.

Gildin okkar endurspeglja þá eiginleika sem eru mikilvægir fyrir framtíð okkar og eru grunnur að viðskiptum okkar við viðskiptavini, samfélög og ykkur, birgja okkar.

Við tökum ábyrgð á öllu sem við gerum og notumst við hæstu staðla og strangar kröfur okkar um siðferðilega hegðun. Þetta er ekki aðeins hið rétta, heldur er þetta einnig nauðsynlegt til að viðhalda trausti og samfélagslegu leyfi okkar til að starfa.

Hjá Rio Tinto finnum við, sækjum og vinnum jarðefnaauðlindir jarðarinnar og vinnum stöðugt að úrbótum með nýsköpun og agaðri dreifingu. Starfsemi okkar nær um allan heim og á meðal afurða okkar eru ál (og bauxít og súrál), kopar, demantar, gull, iðnaðarefni (bórsýrusölt, titandíoxíð, salt) og járngrýti. Þeir málmar og jarðefni sem við veitum stuðla að framgangi nútíma lífs og hjálpa veröldinni að vaxa.

Þú, sem einn af okkar birgjum, gegnir mikilvægu hlutverki í að hjálpa okkur standa við gefin loforð. Við reiðum okkur öll á gagnkvæmt traust til gestgjafasamfélaga okkar, stjórnvalda, viðskiptavina, fjárfesta og annarra. Við munum aðeins ná árangri ef við vinnum saman og getum byggt upp sameiginlegt traust.

Þessar siðareglur birgja, sem byggja á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og *þannig vinnum við* reglum Rio Tinto, stýra væntingum okkar um þig, dótturfélög og undirverktaka. Við kjósum mögulega að vinna ekki með eða hætta að vinna með birgjum sem ekki uppfylla væntingar okkar.

Með því að vinna saman tryggjum við öll að við sinnum viðskiptum á réttan hátt.

Hafir þú spurningar er lúta að þessum siðareglum birgja eða um væntingar okkar til birgja og samstarfsaðila skaltu vinsamlegast senda tölvupóst á suppliercodeofconduct@riotinto.com.

1. Árangur í heilbrigðis- og öryggismálum

Við gerum skuldbindingu um það markmið að allir fari heim öruggir og heilbrigðir á hverjum degi. Við vinnum með birgjum sem deila þessari skuldbindingu með því að:

- Tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk og undirverktaka, þar á meðal að veita viðeigandi persónulegan hlífðarbúnað.
- Grípa til allra hagnýtra og sanngjarnra ráðstafana til að koma í veg fyrir dauðsföll, líkamstjón og sjúkdóma á vinnustað.
- Tryggja að allt húsnæði starfsfólks, ef slíkt er veitt, sé öruggt, heilbrigt og hreint, og á sama tíma að bera virðingu fyrir starfsfólki og rétti þess á einkalífi.

2. Stjórnarhættir og hlítni við lög

Það ríkir siðferðileg og lögleg samkeppni í allri okkar starfsemi. Við vinnum með samstarfsaðilum og birgjum sem skuldbinda sig til að:

- Hlíta öllum gildandi lögum og reglugerðum.
- Tryggja að persónulegar gjörðir og hagsmunir, starfsmanna og undirverktaka, gangi ekki gegn ábyrgð viðkomandi hjá Rio Tinto.
- Fremja ekki, né taka þátt í, mútum eða neins konar spillingu, þar á meðal greiðslum til að greiða fyrir málum.
- Hafa á að skipa stefnum og verklagi sem gerir starfsfólki kleift að tilkynna um brot, misferli eða kvartanir, og að á þeim sé tekið án þess að viðkomandi þurfi að óttast refsiaðgerðir.

3. Vinnuafli og mannréttindi

Í samræmi við helstu alþjóðlegu staðla sem varða viðskipti og mannréttindi, virðum við alþjóðlega viðurkennd mannréttindi, þar á meðal þau sem fram koma í almennu mannréttindayfirlýsingunni og yfirlýsingu Alþjóðavinnuáráðs um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu. Við væntum þess að birgjar okkar virði alþjóðlega viðurkennd mannréttindi með því að:

- Vinna að útfærslu á helstu alþjóðlegu stöðlum um viðskipti og mannréttindi, þar á meðal leiðarstefi Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi.
- Notast ekki við nauðungar- eða þrælunarvinnu eða neitt annað form nútíma þrælahalds.*
- Koma í veg fyrir barnþrælkun, þar á meðal með því að ganga úr skugga um að allt starfsfólk sé yfir lögaldri á viðkomandi stað.
- Veita sanngjarna þóknun og vinnuskilyrði fyrir allt starfsfólk.
- Stuðla að mannúðlegri meðferð og koma í veg fyrir áreitni og ósanngjarna mismunun.
- Virða réttindi starfsfólks til að mynda eða ganga á löglegan og friðsælan hátt í verkalýðsfélög að eigin vali og gera sameiginlega kjarasamninga.
- Virða einkalíf starfsfólks og viðskiptavina og hlíta öllum lögum við öflun, notkun og vernd persónuupplýsinga.

*Samkvæmt skilgreiningu í áströlsku lögnum um nútíma þrælahald (Cth) 2018, þar á meðal mansal, þrælahald, ánauð, nauðungarvinna, nauðungarhjúgaband og barnavinna í sinni verstu mynd.

4. Árangur í umhverfismálum

Við einsetjum okkur að vernda umhverfisleg gildi þeirra svæða sem við störfum á og að viðhalda góðri vöruábyrgð til langs tíma litið. Við vinnum með birgjum sem deila skuldbindingu okkar með því að:

- Stuðla að menningu sem leggur áherslu á umhverfið og aðhefst í því skyni að vernda umhverfið sem þeir starfa í.
- Vera með samfelldar umbætur í umhverfis- og aðfangastjórnun – minnkuð notkun, endurnotkun og endurvinnsla.
- Mæla, stjórna og skrásetja umhverfisleg gögn í samræmi við gildandi lög og reglur.
- Tryggja að framleiddar afurðir eða afurðir sem framleiddar eru af verktökum innihaldi ekki átakasteinefni.

5. Neyðarviðbúnaður og rekstraröryggi

Við vinnum við birgjum sem hafa á að skipa fullnægjandi neyðarviðbúnaði og viðbragðsáætlunum til verndar starfsfólki sínu, rekstri og öryggi í afhendingu vegna náttúrulegra atburða, meiriháttar hamfara, farsóttu og ófyrirséðra atburða.

6. Nærsamfélag

Við þróum sterkt og varanlegt samband við staðbundin og svæðisbundin gestgjafasamfélög á grundvelli virðingar, fróðleiksfýsnar og gagnkvæmra hagsmuna. Við vinnum með birgjum sem styðja við samfélagslega, efnahagslega og stofnanatengda þróun samfélaga með því að:

- Styðja við samtal við samfélög sem miðar að beitingu, öflun og uppbyggingu færni innan þeirra gestgjafasamfélaga sem þeir starfa.
- Taka þátt í viðeigandi forvörnum gegn sjúkdómum, eins og HIV/AIDS, berklum og forvörnum gegn malaríu, þar sem við á í starfseminni.

7. Upplýsingar og skýrslugerð

Við byggjum upp traust með opnum og heiðarlegum samskiptum. Við vinnum með birgjum sem veita tímanlegar, nákvæmar og viðeigandi upplýsingar, þar á meðal:

- Með því að halda nákvæmt fjárhagsbókhald og viðskiptaskjöl, þar á meðal reikningagerð, í samræmi við allar gildandi kröfur laga og reglugerða og viðurkenndar bókhaldsaðferðir.
- Með skýrslugerð varðandi efnahagslegan, samfélagslegan og umhverfislegan árangur við að uppfylla kröfur reglugerða og samninga.
- Með því að tryggja að hugverkaréttindi annarra aðila (einkaleyfi, vörumerki, höfundaréttur og trúnaðarupplýsingar) séu virt.

8. Skuldbinding stjórnenda

Birgjar sem vinna með Rio Tinto deila skuldbindingu okkar við þær meginreglur sem tilgreindar eru í þessum siðareglum birgja með því að taka upp og halda á lofti skuldbindingunum í siðareglunum og hvetja undirverktaka sína að gera slíkt hið sama.

Við gerum skuldbindingu um menningu gagnsæis og hvatningar til starfsfólks, verktaka, birgja og annarra hagsmunaaðila að láta vita af vandamálum sínum og áhyggjum.

Þú og starfsfólk þitt hafið sem birgi Rio Tinto, aðgang að myVoice, sem er uppljóstrunarþjónusta Rio Tinto, sem er óháð, bundin trúnaði og á mörgum tungumálum.

myVoice er bundin trúnaði, óháð og er örugg leið til að tilkynna okkur beint um áhyggjur eða misferli. Hún er vettvangur til að viðra áhyggjur af viðskiptunum eða hegðun einstaklinga. Þar á meðal geta verið grunur um brot gegn reglum og verklagi Rio Tinto, mannréttindum, öryggi, umhverfismálum, fjárhagsbókhalddi, sviksemi eða almennum viðskiptalegum heilindum. Öryggi og trúnaður ríkir um allar móttæknar upplýsingar.

Við mælum eindregið með því að allir birgjar (þar á meðal starfsfólk þeirra) sem komast á snoðir um kringumstæður eða aðgerðir sem ganga mögulega í berhögg við þessar siðareglur birgja eða reglur Rio Tinto, þannig vinnum við, að ræða þessar áhyggjur við tengilið sinn hjá Rio Tinto eða tilkynna þær í gegnum myVoice.

Ef þú hefur áhyggjur skaltu ekki hunsast þær, láttu okkur vita í gegnum myVoice á myvoice@riotinto.com.

Rio Tinto plc

6 St James Square
London SW1Y 4AD
Bretland

S+44(0)20 7781 2000

Rio Tinto Limited

120 Collins Street
Melbourne, Victoria 3000
Ástralía

S+61(0)3 9283 3333

riotinto.com